



Íslenskur lyngmói í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.
Mynd: Daniel Bergmann

Búsvæði fugla á Íslandi: sérstaða og framtíð

Tómas Grétar Gunnarsson
Háskóli Íslands – Háskólasetur Snæfellsness

Sérstaða íslensku landfuglafánunnar er mikil saman borið við meginlöndin í kring. Hér verpa fáar tegundir og skýrist það einkum af norðlægrri stöðu landsins í miðju Atlantshafi og eðli íslenskra landbúsvæða. Búsvæði á landi á Íslandi einkennast af skógleysi, miklu votlendi, frjósömum eldfjallajarðvegi og af dreifdustu mannabyggð Evrópu. Hér eru því stofnar fugla sem njóta hagsbóta af slíku landi og búsetumynstri. Tveir stærstu hópar landfugla á Íslandi eru andfuglar og vaðfuglar. Spörfuglar eru hér tiltölulega fáir miðað við víðast hvar annars staðar og stafar það einkum af skógleysi og því að erfitt er að komast til Íslands. Á Íslandi eru nokkrir stofnar mófugla á heimsvísu hvað varðar stærð og er t.d. áætlað að um helmingur allra heiðlóa og 40% allra spóa í heiminum verpi á landinu.¹

Það jarðnæði sem uppfylla þarf kröfur Íslendinga um matvælaframleiðslu, búsetu, afþreyingu og aðrar nauðsynjar er ákaflega takmarkað að flatarmáli. Við núverandi aðstæður er hér einkum átt við gróið láglendi, sem stendur einnig undir mikilvægum fuglastofnum. Búsvæðavernd fyrir fugla verður því trauðla skilin frá annarri

landnotkun. Reynsla úr nágrannalöndum, bæði í Evrópu og N-Ameríku, sýnir þetta vel en þar er fuglastofnvernd samtvinnuð stefnu í landbúnaði og annarri landnotkun á hverjum tíma.² Hér er dreifbýli enn það mikið að umsvif mannsins hafa hlutfallslega minni áhrif á fuglastofna.

Með tilliti til ólíkra hagsmuna í landnotkun er líklega heillavænlegast að hugsa sér vernd fuglabúsvæða sem órjúfanlegan þátt í því að viðhalda heilbrigðum vistkerfum á landinu. Með öðrum orðum, ef vistfræðilega umgjörð mannlífsins á landinu er í góðu lagi – þá þrífast fuglastofnar líka vel. Hugtakið sem lýsir lífsnauðsynlegu sambýli manna og umhverfis hefur verið nefnt *þjónusta vistkerfa* á íslensku.³ Þjónusta vistkerfa er samheiti yfir þau fyrirbæri og atburði sem verða að vera til staðar til þess að umhverfið sé lífvænlegt. Hér er átt við grunnþætti eins og myndun jarðvegs, bindingu kolefnis, hringrás næringarefna og vatnsbúskap en einnig beinan afrakstur af náttúrunni. Á Íslandi snýst þjónusta vistkerfa líklega mest um að viðhalda óskertum úthaga að eins miklu leiti og hægt er.³ Það er einmitt úthaginn sem stendur undir stærstum hluta íslenskra landfuglastofna. Reynt hefur verið að meta þjónustu vistkerfa á heimsvísu til fjár.⁴ Áætlað hefur verið að verðmæti hennar sé líklega tvöfalt verðmæti allrar heimsframleiðslu manna og það talið algert lágmarksmat.⁴ Ekki

hefur verið gerð tilraun til að meta verðmæti þeirrar þjónustu sem vistkerfi Íslands veita en þau eru eflaust umtalsverð. Hluti þessa verðmætis mun felast í sérstöðu íslenskrar náttúru.

Að búsvæðum íslenskra landfugla og framtíðarhagsmunum í landnotkun stafa ýmsar ógnir sem ekki verða ræddar í smáatriðum hér.^{1,5} Stærsta ógnin felst þó í því óskipulagi og sérhagsmunavæðingu sem loðað hefur við landnotkun á Íslandi. Stórum spurningum er ósvarað. Fyrir hverja á t.d. að nota landið? Nú veitir eignarréttur á landi vald til þess að nýta land, jafnvel gegn þjóðarhagsmunum, því þau umsvif sem fara fram innan eignarlanda hafa einnig áhrif utan þeirra. Þá er engin framtíðarsýn til um heildarlandnotkun á láglendi en slík sýn myndi t.d. krefjast þess að hugað væri að samlagningaráhrifum framkvæmda. Umhverfismat stöðvar til dæmis varla framkvæmdir sem fórn myndu landi með 50 heiðlóupörum, en þegar búið er að gera slíkt 100 sinnum myndu margir staldra við. Núverandi ástand kallar á einhvers konar rammaáætlun fyrir auðlindir á láglendi. Þar ætti metnaðarfull framtíðarsýn að haldast í hendur við vísindalegar upplýsingar sem veða og meta mismunandi kosti landnotkunar. Stóruauka þarf rannsóknir og skilning á tengslum landnotkunar og vistfræði á Íslandi til að mæta þessum kröfum.

Sérkenni Íslands eru mikil. Ekki eingöngu hvað varðar fuglastofna heldur almenna upplifun af náttúrunni. Hagfræðilegar greiningar á heimsvísu sýna að það er einmitt sérstaða landa sem stuðlar að samkeppnishæfni þeirra.⁶ Þá eru mynstur landnotkunar nátengd almennum lífsgæðum.⁷ Varðveisla búsvæða og landslags, einnig fuglastofna, ætti að taka mið af þessum staðreyndum.

Tilvitnanir

- ¹ Tómas Grétar Gunnarsson, Jennifer A. Gill, Graham F. Appleton, Hersir Gíslason, Arnþór Garðarson, Andrew R. Watkinson & William J. Sutherland 2006. Large-scale habitat associations of birds in lowland Iceland: Implications for conservation. *Biological Conservation* 128: 265–275.
- ² Bradbury, R.B., Kirby, W.B. 2006. Farmland birds and resource protection in the UK: Cross-cutting solutions for multi-functional farming? *Biological Conservation* 129: 530–542.
- ³ Hlynur Óskarsson og Ása Aradóttir 2001. Gildi úthaga – þjónusta vistkerfa. Ráðunautafundur 2001.
- ⁴ Costanza o.fl. 1997. The value of the world's ecosystem services and natural capital. *Nature* 387:253–260.
- ⁵ Tómas Grétar Gunnarsson 2006. Mófuglar og skógrækt. *Fuglar* 3. Ársrit Fuglaverndar 2006: 46–52.
- ⁶ Porter, M.E. 1990. The competitive advantage of nations. Free Press. New York.
- ⁷ The Economist Intelligence Unit's quality of life Index. *The Economist* 2005.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria*,
einn algengasti mófugl
Íslands og ábyrgðartgund
Íslendinga.
Mynd: Daníel Bergmann

